

# STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 2004

Nr. 578

1428

1. júlí 2004

## AUGLÝSING

**um að fella úr gildi auglýsingu nr. 469, dags. 8. júlí 1998.**

Ríkisstjórnin hefur, í samræmi við ályktun öryggisráðsins nr. 1367(2001), ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 469, dags. 8. júlí 1998, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1160(1998) um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, þ.m.t. Kósóvó.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

Nr. 579

1. júlí 2004

## AUGLÝSING

**um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1483(2003) og nr. 1546(2004) um afnám viðskiptaþvingana gegn Írak o.fl.**

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að breyta ráðstöfunum sem ákveðnar voru í fyrirmælum, dags. 8. júlí 1998, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 470/1998, til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 706(1991), 712(1991), 986(1995), 1111(1997), 1129(1997), 1137(1997), 1143(1997), 1153(1998), 1158(1998) og 1175(1998), til samræmis við ályktanir öryggisráðsins nr. 1483(2003) frá 22. maí 2003 og nr. 1546(2004) frá 8. júní 2004 um afnám viðskiptaþvingana gegn Írak o.fl. og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Óheimilt er að veita þeim meðlimum fyrrum ríkisstjórnar Íraks hæli á Íslandi sem taldir eru bera ábyrgð á afbrotum og öðrum grimmдарverkum.
2. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að versla með eða flytja um íslenskt yfirráðasvæði þær menningarminjar sem fjarlægðar hafa verið eða grunur leikur á um

að fjarlægðar hafi verið með ólögmætum hætti úr Þjóðminjasafni, landsbókasafni eða öðrum stöðum í Írak, frá því ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661(1990) var samþykkt 6. ágúst 1990.

3. Öllum takmörkunum á viðskipti við Írak er hér með aflétt nema þeim er lúta að viðskiptum með vopn og hvers kyns vopnabúnað. Heimilt er þó að eiga viðskipti með vopn og hvers kyns vopnabúnað sem nauðsynleg eru fyrir stjórnvöld í Írak til að framfylgja ályktunum öryggisráðsins.
4. Fram til 31. desember 2007 skulu olía og olíuvörur, upprunnar í Írak, vera undanþegar fullnustugerðum þar til þær eru komnar í hendur kaupanda, nema um sé að ræða skaðabótaábyrgð sem skapast hefur vegna umhverfisslyss, þ.m.t. olíuleka.
5. Ákvæði 4. tl. gilda ekki um lokadómsniðurstöðu vegna málaferla út af samningsbundnum skyldum sem Írak gengst undir eftir 30. júní 2004.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngrí viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 470/1998.

*Utánríkisráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

**um að fella úr gildi auglýsingu nr. 468, dags. 8. júlí 1998.**

Ríkisstjórnin hefur, í samræmi við ályktun öryggisráðsins nr. 1448(2002), ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 468, dags. 8. júlí 1998, um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 864(1993), 1127(1997), 1130(1997), 1173(1998) og 1176(1998) vegna brota UNITA-hreyfingarinnar í Angóla á ályktunum ráðsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*